

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 9. október 2024 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Tryggvi M Þórðarson KK, Baldur Haraldsson BS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR

Fundargerð ritaði AS

1. Fundargerð frá 7. október

Framlögð og samþykkt.

2. Akstursíþróttafólk ársins – tilnefningar

Ráðinu hafa borist nokkrar tilnefningar og rökstuðningur fyrir þeim með skriflegum hætti, auk þess sem nokkrar komu munnlega á opnum fundi 7. okt.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Karitas Birgidóttur og Almar Viktor Þórólfsson.

3. Erindi frá AKÍS

7. október barst tölvupóstur frá skrifstofu AKÍS þar sem óskað var eftir túlkun ráðsins á hvernig beri að skera úr um hver hafi orðið í öðru sæti og hver í þriðja sæti Íslandsmótsins þar sem tveir séu jafnir að stigum. Ekki kemur fram í erindinu hvaða einstaklinga um er að ræða eða í hvaða flokki þeir kepptu.

Grein 4.10.5 í Keppnisgreinareglum AKÍS fyrir rally segir fyrir um hvernig fara skuli með ákvörðun Íslandsmeistara ef tveir eða fleiri öikumenn verða efstir og jafnir:

„4.10.5 - Verði tveir eða fleiri öikumenn efstir og jafnir að stigum í lok keppnistímabils skal sá teljast Íslandsmeistari sem sigrað hefur í fleiri keppnum á viðkomandi keppnistímabili.

4.10.5.a - Sé ekki hægt að úrskurða um Íslandsmeistara samkvæmt framangreindu skal sá ökumaður teljast Íslandsmeistari sem náð hefur besta tíma í viðkomandi flokki á fleiri sérleiðum.

4.10.5.b - Sé ekki hægt að úrskurða um Íslandsmeistara samkvæmt framangreindu skal stjórn AKÍS, að höfðu samráði við keppnisráð í rally, taka ákvörðun um aðferð við að skera úr um málið.“

Með vísan í grein 4.10.5.a telur keppnisráðið eðlilegast að skera úr um röð umræddra öikumanna til Íslandsmeistara eftir sérleiðarsigrum, þ.e. sá teljist í öðru sæti á þessu keppnistímabili sem náði fleiri sérleiðarsigrum í viðkomandi flokki, samanlagt í öllum keppnum ársins, og hinn verði í þriðja sæti viðkomandi flokks.

TMP fór af fundi.

4. Reglubreytingar

Rætt um mögulegar reglubreytingar. Ákveðið að bíða með ákvörðun til næsta fundar.

5. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir.

Ákveðið að næsti fundur ráðsins verði eftir um 14 daga.

Fundi slitið kl. 20.30